

Fundargerð

23. fundur ÍTN 28.08.2008 í Veri.

Mætt: Linda E. Pehrsson, Sóley Vífilsdóttir, Hulda Sigurðardóttir, Heiðrún Óladóttir og Ragnar Már Sigfússon.

Dagskrá.

1. Mál. ADHD – ráðstefna í Reykjavík. Til kynningar.

Linda fer sem iðjuþjálfari og mun miðla til okkar því sem hún verður vísari.

2. Mál. Samþykktir hreppsnefndar.

a) Finna varanlega staðsetningu fyrir skólagarða og smíðavelli.

b) Taka út brunavarnir í Svartholinu. Hrinda því í framkvæmd fyrir haustið.

3. Mál. Ver.

Verið er að skipuleggja dagskrá vetrarins í Verinu.

Fá Eypór til að senda út haustbréf í fyrirtæki og fá þau til að hvetja starfsfólk sitt til að nýta sér frábæra aðstöðu í Verinu. Danskennsla, fá Önnu Breiðfjörð til að koma 16.-19. okt. og vera með kennslu fyrir fullorðna og jafnvel börn ef næg þátttaka fæst. Sundleikfimi eldri borgara verður á þriðjudögum í vetur.

4. Mál. Ráðning íþróttá- og tómstundafulltrúa.

Við óskum eftir að staða íþróttá- og tómst. fulltrúa verði auglýst aftur og víðar en gert var fyrra sinnið eins og nefndin lagði til á fundi sínum þann 4. Júní, 2008 – 2. gein.

5. Mál. Úttekt á sumarstarfseminni.

Maren, flokkstjóri, skilaði stuttri greinargerð um sumarstarf vinnuskóla sem við munum taka betur fyrir síðar.

Björgvin skilað einnig úttekt á skólagörðum og smíðavöllum sem tekin verða fyrir síðar. Uppskeruhátíð verður í höndum umsjónarkennara.

Flott án fíknar komst ekki í gang í sumar en mun hefjast í næstu viku.

17.júní hátíðarhöld rædd, breytingartillögur o.fl.

6. Mál. Stuttmyndagerð.

Stulli 2008. Grunnsk. kannar áhuga nemenda á þátttöku á þessu námskeiði og senda svo stuttmynd í samkeppnina

Nýr fundartími er 1. fimmtudagur í mánuði kl. 17:00 í Veri.

Sóley Vífilsdóttir, ritari.

